



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUS 2020-2036

Nýir jarðstrengir vegna fiskeldis við Þorlákshöfn

Breyting aðalskipulags

30.08.2023

Mótt.: 15 maí 2024


Málnr.

2023.07068



Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 4.4.2024



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 16.05.2024



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 17. júlí með umsagnafresti til: 3. ágúst 2023

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 21.12.2023 með athugasemdafresti til: 1.2.2024

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum, umhverfismatskýrslu og uppdrætti aftast.

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-------|--|----|
| 1 | INNGANGUR | 5 |
| 2 | OG STAÐHÆTTIR | 5 |
| 2.1 | Fyrirhugaðar framkvæmdir | 6 |
| 2.2 | Tengsl við aðrar áætlanir | 8 |
| 2.2.1 | Landsskipulagsstefna 2015-2026 | 8 |
| 2.2.2 | Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 | 8 |
| 2.2.3 | Kerfis- og framkvæmdaáætlun Landsnets | 9 |
| 2.2.4 | Deiliskipulag | 9 |
| 2.3 | Fornminjar | 9 |
| 2.4 | Náttúru- og vatnsvernd | 9 |
| 3 | AÐALSKIPULAGSBREYTING | 10 |
| 4 | UMHVERFISMATSSKÝRSLA | 11 |
| 5 | MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR | 13 |
| 5.1 | Skipulags og matslýsing | 13 |
| 5.2 | Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar | 13 |

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103113-ASK-001-V05

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

1 INNGANGUR

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus leggur til að breyting verði gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér heimildir til lagningu nýrra jarðstrengja. Áformað er að Landsnet hf. tengi tvo notendur raforku, vestan Þorlákshafnar, beint inn á flutningskerfið með 66kV strengjum, gegnum núverandi tengivirki á svæði I2 rétt norðan bæjarins.

Helstu markmið aðalskipulagsbreytingarinnar eru eftirfarandi:

Skilgreina legu nýrra jarðstrengja vestan Þorlákshafnar frá tengivirki við Suðurstrandaveg og að iðnaðarlóðum m.a. fyrir fiskeldi vestan Þorlákshafnar.

Styrkja raforkutengingu iðnaðarsvæða m.a. vegna fiskeldisstöðva.

Vinna eftir framkvæmdaáætlun, kerfisáætlunar Landsnets.

Skipulagsstofnun ákvarðaði þann 4. október 2023 að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Gert verður ráð fyrir stækkun spennistöðvar við Hafnarbraut, til að tengja strengina þar inn, unnið verður deiliskipulag fyrir stækkun spennistöðvar í samræmi við gildandi aðalskipulag.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Svæðið milli tengivirkisins og stórnotendanna tveggja er að mestu sandorpið hraun og víða er grunnt á helluhraun. Leiðin liggur að stórum hluta í jaðri raskaðs lands, eða í jaðri lands sem skipulagt er sem iðnaðarsvæði og verður raskað þegar það byggist upp.



MYND 1. Fyrirhuguð jarðstrengsleið meðfram Suðurstrandarvegi.

2.1 Fyrirhugaðar framkvæmdir


Þorlákshafnarlína 1 (TO1) er 66 kV loftlína sem liggur frá Hveragerði í tengivirki við Suðurstrandaveg skammt norðan Þorlákshafnar. Þangað liggur einnig Selfosslína 3 (SE3) sem er 66 kV jarðstrengur.

Á iðnaðarsvæðum vestan Þorlákshafnar hefur undanfarin ár verið að rísa umfangsmikið fiskeldi. Tveir stórnotendur raforku hafa óskað eftir tengingu við 66 kV flutningskerfis Landsnets í Þorlákshöfn. Samið hefur verið um 14 MW tengingu fyrir First Water (áður Landeldi ehf.) við Laxabraut 15-29 og stefnt er að því að semja um 20 MW fyrir GeoSalmo, við Laxabraut 45-61, til að byrja með. GeoSalmo stefnir svo á 32 MW og First Water á 48 MW árið 2029. Framkvæmdin er til að tryggja þessu notendum næga raforku með ásættanlegu rekstraröryggi. Fyrirtækin hafa bæði óskað eftir gangsetningu mars 2025 sem er ekki innan hefðbundins framkvæmda- og tengitíma viðskiptavina og því er verkefnið skilgreint sem hraðverkefni hjá Landsneti. Verkefnið er á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar Landsnets. Önnur fyrirtæki á svæðinu hafa ekki óskað eftir beinni tengingu við flutningskerfi Landsnets og munu því tengjast dreifikerfi RARIK. Skv. drögum að nýrri kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2023-2032 er fyrirhugað að byggja nýtt 132 kV tengivirki á svæðinu til viðbótar sem mun sjá framtíðar viðskiptavinum fyrir orku¹.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér stækkun á núverandi tengivirki og lagningu þriggja nýrra háspenntra jarðstrengja frá tengivirkinu norðvestan við Þorlákshöfn að starfstöðvum raforkunotendanna First Water og GeoSalmo vestan við Þorlákshöfn. Deiliskipulag tengivirkisins fór í ferli undan aðalskipulagsbreytingu þessari þar sem stækkun þess er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Strengirnir enda í aðveitustöðvum innan lóðamarka fyrirtækjanna og hafa fengið nöfnin Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3 (SD1, SD2 og SD3), en SD1 og SD2 liggja að First Water og eru um 2 km langar og SD3 liggur að GeoSalmo og er um 4 km löng.

¹ Kerfisáætlun Langsnets 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku. Landsnet-23022.

Jarðstrengirnir verða lagðir í veg- og stígakanta að langstærstum hluta, nema hvað SD1 og SD2 munu næst First Water fara yfir óraskað land á um 560 m kafla. Það svæði er í jaðri iðnaðarsvæðis skv. aðalskipulagi og er því gert ráð fyrir að það svæði verði raskað þegar það byggist upp.



MYND 2. Hefðbundið skurðsnið þriggja fasa strengja, þar sem 3 jarðstrengir liggja hlið við hlið.

Strengjunum verður komið fyrir í einum skurði (sjá mynd 2), samsíða reiðhjólástígnum sem liggur meðfram Suðurstrandavegi, þar til leiðir skilja, og halda þeir áfram í sitt hvorum skurðinum að lóðunum. Hver skurður verður 80-160 cm á breidd í botninn og 125 cm á dýpt. Skurðirnir verða um 1,5 m frá kanti hjólástígsins og Laxabrautar sem notaðir verða sem vinnuvegir en þar sem svæðið er óraskað verður lagður vinnuvegur við hlið skurðarins sem verður svo fjarlægður eftir að framkvæmdum lýkur. Reiknað er með að nýta u.þ.b. 3.500 m² af sandi úr námum í nágrenninu í skurðinn meðfram strengjum.

Helgunarsvæði kringum einn jarðstreng er alls 10 m, 5 m í hvora átt (öryggis- og athafnasvæði). En þar sem 3 strengir liggja samsíða er helgunarsvæðið alls um 11,1 m. Allar framkvæmdir innan helgunarsvæða eru háðar leyfi Landsnets.

Almennt er helgunarsvæði jarðstrengja tvískipt. Annars vegar er um að ræða öryggissvæði næst strengnum, 2 m í hvoru megin strengs. Fjær liggur svokallað athafnasvæði utan öryggissvæðisins sem gera má ráð fyrir að verði fyrir raski á framkvæmdatíma. Á öryggissvæði ríkir byggingabann/framkvæmdabann og öll trjáplöntun er óheimil. Á athafnasvæði eru framkvæmdir, þ.m.t. gróðursetning háðar leyfi Landsnets. Óheimilt er að planta trjágróðri með djúpstæðar rætur s.s. ösp, greni, lerki og furu, þar sem rôtarkerfið getur valdið skaða á strengjunum.

Framkvæmdir Landsnets á svæðinu verða samnýttar með RARIK og Veitum þar sem stefnt er á að leggja í jörð lágspenna jarðstrengi og hitaveitulögn samhliða framkvæmdum Landsnets.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áherslna og stefnumiða í eftirfarandi stefnum:

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026


Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um að skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi (markmið 2.5). Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Breytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu.

2.2.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036

Allt land sem nýir jarðstrengir munu liggja um, er í eigu sveitarfélagsins. Ný strengleið mun liggja frá iðnaðarsvæðinu I2 sem er í jaðri skógræktar- og landgræðslusvæðisins SL1 sem er norðan Suðurstrandarvegjar. Áætlað er að þvera Suðurstrandaveg strax við tengivirkið og fylgja hjólreiðaleið sem liggur samsíða Suðurstrandavegi. Þveruð verður vatnsveitulögn frá vatnsbóli VB22. Einn strengur (SD3) heldur áfram meðfram Suðurstrandavegi, eftir að hjólaleiðin tekur enda, að svæði GeoSalmo en hinir tveir (SD1 og SD2) fara stystu leið til suðurs að lóðum First water. Umhverfis stíginn og að veginum er opið svæði OP5 en iðnaðarsvæðið I3 þétt sunnan stígsins og vestan strengleiðar SD1 og SD2.

Kallar þetta á breytingar á bæði þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti.



MYND 3. Hluti gildandi aðalskipulags, svæði merkt með rauðum hring verða tengd saman með jarðstreng. Rauð brotalína sýnir mörk dreifbýlis og þéttbýlis.

Í skilmálum aðalskipulags í kafla 6.4 rafveita kemur fram:

- Háspennulínur og aðrar lagnir verði settar í jörðu þar sem aðstæður og möguleg tækni leyfir, s.s. þegar farið er um svæði sem eru ákjósanleg til útivistar og ferðamennsku eða vegna sérstæðs náttúruvafars og lífríkis.

Breytingin er því í samræmi við stefnu aðalskipulags.

2.2.3 Kerfis- og framkvæmdaáætlun Landsnets

Árlega leggur Landsnet fram kerfisáætlun til Orkustofnunar og gerir grein fyrir fyrirhuguðum uppbyggingum eða uppfærslum á meginflutningskerfi raforku næstu 10 ára, ásamt framkvæmdaáætlun til þriggja ára og er framkvæmdin tilgreind í kerfisáætlun.

Í drögum að áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 sem unnin er skv. kerfisáætlun Landsnets 2023-2032, kemur fram í kafla 2.3.8 Þorlákshöfn – tenging viðskiptavina: „*Verkefnið snýr að tengingu tveggja laxeldisstöðva vestan við Þorlákshöfn. Þær verða tengdar með sitt hvorum 66 kV jarðstrengjum frá tengivirki Landsnets í Þorlákshöfn, um 2 og 4 km langir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2024 og þeim ljúki 2025.*“

2.2.4 Deiliskipulag

Verið er að vinna deiliskipulag tengivirkisins norðan Þorlákshafnar. Þar verður gert ráð fyrir stækkun núverandi tengivirkisins sem nauðsynleg er fyrir þessa framkvæmd. Verið er að endurskoða deiliskipulag First Water og verður gert ráð fyrir tengingu jarðstrengjanna í aðveitustöð innan lóðar. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæði GeoSalmo en svæðið verður deiliskipulagt, af lóðarhöfum, áður en uppbygging hefst og skal þá taka mið af móttöku jarðstrengsins.

2.3 Fornminjar

Unnin var fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar árið 2021 og eru fornleifar í nágrenni við fyrirhugaða strengleið. Um er að ræða vörður sem mörkuðu samgönguleiðir fyrr á öldum. Skráðar fornminjar á svæðinu eru flestar vel utan við framkvæmdasvæðið og í lítilli hættu á að raskast.

Óheimilt er að raska fornminjum nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

2.4 Náttúru- og vatnsvernd

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 búa tiltekin vistkerfi og jarðminjar yfir sérstakri vernd sem forðast ber að raska. Á fyrirhugaðri strengleið og því svæði sem verður fyrir raski er sérstök vernd náttúruminja. Svæðið er á Leitahrauni og er það tiltölulega flatt og sandorpið. Rann það fyrir um 5.200 árum og er því frá nútíma og nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum. Óhjákvæmilegt er að hraunið raskist við framkvæmdirnar.

Nokkru ofan Suðurstrandarvegar er aðalvatnsból Þorlákshafnar áætlað, VB20 ásamt vatnsverndarsvæði þar norðan við. VB22 er skammt vestan tengivirkisins og er nýtt sem meginvatnsból Þorlákshafnar og það vatnsból verður til vara þegar nýtt vatnsból VB20 hefur verið tekið í notkun. Fyrirhuguð framkvæmd liggur neðan þessara vatnsbóla, undan grunnvatnsstraumi, og hefur því ekki áhrif á þau eða grannsvæði þeirra. Við framkvæmdirnar þarf að þvera vatnslögn og gæti því orðið tímabundin áhrif á vatnsframboð í Þorlákshöfn meðan framkvæmdir eiga sér stað á því svæði.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á bæði þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti. Lega nýra jarðstrengja frá tengivirkinu verða sýndir á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti. Á uppdrætti er sýnt einfalt ták fyrir jarðstreng, þar sem um einn skurð er að ræða, en heimilt er að leggja þrjá 66 kV strengi í skurðinn.

Einnig er gerð breyting á greinargerð.

Í kafla 6.4 Rafveita bætist við eftirfarandi skilmálar:

Helgunarsvæði 66 kV jarðstrengja er 5 m í hvora átt. Þar sem fleiri en einn strengur liggja í sama skurði getur helgunarsvæðið verið meira. Allar framkvæmdir innan helgunarsvæða eru háðar leyfis eiganda strengsins. Verði strengir lagðir samsíða öðrum lögnum / veitum skal haft samráð við eigendur þeirra veituleiða við endanlega útfærslu legu jarðstrengs.

Í töflu 37. Bætast við eftirfarandi línur:

| HEITI | LÝSING |
|-------------------------|--|
| Suðurstrandalína 1 og 2 | Tveir 66 kV jarðstrengir frá spennivirki vestan Þorlákshafnar að fiskeldisfyrirtæki við Laxabraut 17-19. |
| Suðurstrandalína 3 | Einn 66 kV jarðstrengur frá spennivirki vestan Þorlákshafnar að fiskeldisfyrirtæki við Laxabraut 45-61. |

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Mati á líklegum umhverfisáhrifum er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisaðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Framkvæmdir við fyrirhugaða jarðstrengi eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. flokki B, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þar segir:

„Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölu 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.“

Framkvæmdin fellur einnig undir tl. 10.16 þar sem farið er um svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

Framkvæmdin er í fyrirsparnarferli hjá Skipulagsstofnun sem ákvarðar um hvort verkefnið falli undir matsskyldu og hvort ráðast þurfi í umhverfismat eða ekki.

Gert er grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisaðgerðum. Mat á áhrifum byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Umhverfisþættir

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð.

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af deiliskipulagsbreytingunni og þeim framkvæmdum sem hún leyfir eru:

- Ásýnd og landslag
- Samfélag
- Minjar og verndarsvæði

Mat á umhverfisáhrifum

Óbreytt aðalskipulag: Áhrif framkvæmdanna eru talin vera *óveruleg* á alla þætti nema neikvæð áhrif á samfélag. Á lóðunum er áætlað að byggja upp umfangsmikil fiskeldi og mun það hafa neikvæð áhrif ef uppbygging þess nær ekki fram að ganga en mikil umsvif eru í fiskeldi á svæðinu.

Breytt aðalskipulag: Með breytingu aðalskipulagsins er haft að leiðarljósi að ná fram markmiðum Orkustefnu Íslands og Kerfisáætlun Landsnets til að tengja stórnotendur raforku. Framkvæmd við jarðstrengina hafa samlegðaráhrif með þeim framkvæmdum sem þegar hefur verið farið í á svæðinu og eru fyrirhugaðar. Það rask sem verður við strenglögna á þegar óröskuðu svæði verður afmáð eins og kostur er en hafa ber í huga að það svæði á eftir að byggjast upp sem iðnaðarsvæði og verður því óhjákvæmilega raskað.

Strengleiðin er að hluta í kanti göngu- og hjólastígs og er því í jaðri raskaðs lands. Þar þarf ekki að leggja vinnuveg meðfram þar sem stígurinn mun nýtast til slíks. Nokkur áhrif verða á framkvæmdartíma en ekki til langtíma. Með góðum frágangi má gera ráð fyrir að rasksvæði hafi gróið og ummerki verði mikið til horfin á nokkrum árum. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin *óveruleg*.

Samfélagsleg áhrif koma helst fram í raforkuafhendingu til stórnotenda. Hefur það jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og þar af leiðandi styrkir það samfélagið. Áhrif á samfélag eru metin *jákvæð*.

Þekktar minjar eru í nágrenni við svæðið en ekki er talið að framkvæmdir hafi áhrif innan helgunarsvæða þeirra. Áhrif á minjar er því metin *óveruleg*. Engin verndarsvæði eru á strengleiðinni og áhrif af framkvæmdinni því enginn á þennan þátt.

Hraunið á svæðinu nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum. Því verður óhjákvæmilega raskað. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsinguna segir að víða megi sjá þrýstihryggi og önnur form í hrauninu sem forðast skal að raska. Ljóst er að það svæði sem strengurinn verður í jaðrinum á fer um og er lítt raskað, verður raskað með uppbyggingu iðnaðarhverfis í framtíðinni. Mögulega er hægt að komast hjá því að raska sérstökum formum hraunsins með því að hnika til

strengleiðinni. Þar sem um er að ræða mjög lítinn hluta hraunsins alls og það er nú þegar raskað á svæðinu eru áhrif á verndarsvæði talin *óveruleg*.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010

5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsing var auglýst sumarið 2023 og komu umsagnir frá UST, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun. Tekið var tillit til umsagnanna við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar eins og við átti.

5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands


Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.

Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036

Breyting aðalskipulags - Þéttbýlisuppdráttur
Nýjir jarðstrengir vegna fiskeldi í Þorlákshöfn




ÖLFUS



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Vatnsveita
- Þéttbýlismörk
- Sveitarfélagsmörk
- Mislæg þverun við reið-, göngu- og/eða hjólríðaleið
- Stofnvegur/stofnbraut
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- Hjólríðaleið
- Reiðleið
- Iðnaðarsvæði
- Vatnsból
- Hafnir
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Iðnaðarsvæði
- Vatnsból



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



Breyting - aðalskipulags
Nýjir jarðstrengir vegna fiskeldi í Þorlákshöfn

Verk: 103113 Blaðstærð: A4
Unnið: GAL Rýnt: AB/ÁJ

Mælikvarði: 1:12.000 Dags: 30.05.2023
Breytt dags:


Samþykkt:

Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036


Breyting aðalskipulags - Sveitarfélagsuppdráttur
Nýjir jarðstrengir vegna fiskeldi í Þorlákshöfn



ÖLFUS



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Vatnsveita
- Þéttbýlismörk
- Sveitarfélagsmörk
- Sveitarfélagsmörk
- Mislæg þverun við reið-, göngu- og/eða hjólréiðaleið
- Stofnvegur/stofnbraut
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- Hjólréiðaleið
- Reiðleið
- Iðnaðarsvæði
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Hæðarlínur
- Iðnaðarsvæði
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Vatnsból



Breyting - aðalskipulags
Nýjir jarðstrengir vegna fiskeldis við Þorlákshöfn

Verk: 103113 Blaðstærð: A4
Unnið: GAL Rýnt: AB/ÁJ

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 30.05.2023
Breytt dags:

Samþykkt: